



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Rennismiður

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Turner

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- Leggur mat á fagteikningar og önnur fyrirmæli, greinir eðlismun og mismunandi verklag við stykkjaframleiðslu, viðgerðarvinnu og fjöldaframleiðslu
- Þekkir grunneiginleika og efnisfræðilega uppbyggingu smíðamálma og plasts til smíða og leitar upplýsinga um merkingar og efnisvottorð. Velur efni og beitir viðeigandi efnismeðferð, þekkir vinnslumöguleika og takmarkanir koltrefjastyrktra samsetninga
- Notar frihendisteikningu og tvívíða og þrívíða tölvuteikningu til að setja fram hugmyndir, hefur vald á ferli frá teikniforriti til vélar, ISO-kóða, staðsetningar ása og uppsetningar í tölvustýrðar vélar
- Notar verkfæri, rennibekki og fræsivélar, handvirkar og tölvustýrðar iðnvélar. Þekkir tengsl efniseiginleika smíðaefna og verkfæraavals og uppspenniaðferðir
- Tryggir öryggi í umgengni við spóntökutæki, háprýsting og rafmagn, fer eftir öryggismerkingu og reglum um meðferð spilliefna og úrgangs, meðferð kælimiðla og skerolíu. Þekkir umhverfisvísa málmíðnaðar
- Vinnur eftir verkáætlunum og uppfyllir kröfur um gæði, þekkir TPM og getur starfað að uppsetningu og viðhaldi kerfisins.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Rennismiður smíðar hluti af öllu tagi úr málum og plastefnum, bæði til fjölda- og raðframleiðslu og einstaka íhluti til viðhalds og viðgerða. Hann starfa á rennismiðaverkstæðum hjá mál- og véltæknifyrirtækjum og þjónustu- og smíðafyrirtækjum. Rétt til starfa sem rennismiðir hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í rennismiði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

<p>Meðalnámstími eru fjögur ár, nám í skóla í sex annir, að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 60 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.</p> <p>Inngönguskilyrði Grunnskólapróf</p> <p>Viðbótarupplýsingar Frekari upplýsingar er að finna á: www.menntamalaraduneyti.is</p> <p>Upplýsingamiðstöð í landinu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is</p>
